

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1158**2017/EES/10/46**

frá 15. júlí 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 452/2014 að því er varðar niðurfellingu sniðmáta fyrir heimildir sem gefnar eru út til flugrekenda frá þriðja landi og tilheyrandi forskrifta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014⁽²⁾ er sett fram, með hliðsjón af gildandi stöðlum Alþjóðflugmálastofnunarinnar, hvernig standa skuli að leyfisveitingu flugrekenda frá þriðja landi, sem starfrækja loftförin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og stunda flutningaflug til yfirráðasvæðis, innan þess eða frá því, sem ákvæði sáttmálans gilda um. Í I. og II. viðbæti við 2. viðauka (ART-hluta) þeirrar reglugerðar eru sniðmát fyrir leyfisveitinguna og tilheyrandi forskriftir.
- 2) Reynsla af beitingu reglugerðar (ESB) nr. 452/2014 hefur leitt í ljós að til þess að bregðast tímanlega við tíðum breytingum á stöðlum Alþjóðflugmálastofnunarinnar, þarf að gera reglulegar breytingar á þessum sniðmátum sem leiðir til óþarfa stjórnsýsluálags. Krafa um að nota þessi sniðmát er ekki réttlætunleg í ljósi þess að án þessarar kröfu er Flugöryggisstofnun Evrópu sjálf fær um að semja og uppfæra nauðsynleg sniðmát. Þess vegna ætti að fella þessa kröfu og þessi sniðmát brott úr reglugerð (ESB) nr. 452/2014.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 452/2014 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 2. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 452/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 16.7.2016, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum 2. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 452/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar í lið ART.210 komi eftirfarandi:

„a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út heimild, þ.m.t. tengdar forskriftir, þegar:

- 1) hún telur að sýnt hafi verið fram á að flugrekandinn frá þriðja landi hafi gilt flugrekandaskírteini eða sambærilegt skjal og tilheyrandi rekstrarforskriftir, sem ríki flugrekandans hefur gefið út,
- 2) hún telur að sýnt hafi verið fram á að flugrekandinn frá þriðja landi hafi heimild ríkis flugrekanda til að starfrækja flug til ESB,
- 3) hún telur að sýnt hafi verið fram á að flugrekandinn frá þriðja landi:
 - i. hafi uppfyllt gildandi kröfur TCO-hlutans,
 - ii. hafi samskipti með gagnsæjum, fullnægjandi og tímanlegum hætti til að bregðast við frekara mati og/ eða úttekt Flugöryggisstofnunarinnar, ef við á, og
 - iii. hafi lagt fram tímanlegar og árangursríkar aðgerðir til úrbóta til að bregðast við því ef í ljós kemur að hann uppfylli ekki tilskildar kröfur, ef slíkt er fyrir hendi,
- 4) ekki eru fyrir hendi sannanir um meiriháttar annmarka á getu ríkis flugrekandans eða skráningarríkis, eftir því sem við á, til að votta og hafa eftirlit með flugrekandanum og/eða loftfarinu, í samræmi við viðeigandi kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og
- 5) umsækjandinn sætir ekki flugrekstrarbanni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.“

2) Ákvæði I. og II. viðauka falli brott.
